

Miðvikudaginn 6. júní 1990.

Nr. 451/1989  
og 452/1989.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson ríkissaksóknari ad hoc)  
gegn

**Herði Ólafssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Eignaupptaka. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað til Hæstaréttar tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. maí 1989 og 9. október 1989. Með dóminum 31. maí 1989, hæstaréttarmál nr. 451/1989, var ákærði dæmdur til að sæta varðhaldi í 2 mánuði og sæta upptöku bifreiðarinnar R-33252, en með dóminum 9. október 1989, hæstaréttarmál nr. 452/1989, var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi. Var þar um að ræða hegningarauka við dóminn frá 31. maí. Jafnframt var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt. Báðum málunum er áfrýjað að ósk ákærða með áfrýjunarstefnum 2. nóvember 1989.

Af hálfu ákærvalds er málunum einnig áfrýjað og krafist „staðfestingar beggja hinna áfrýjuðu dóma að því er varðar sakfellingu í einstökum ákæruliðum og greiðslu sakarkostnaðar en jafnframt, að refsing ákærða, samanlögð samkvæmt báðum dómum, sbr. 1. mgr. 79. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, verði þyngd“. Einnig er krafist staðfestingar á ákvæðum um sviptingu ökuréttinda ákærða ævilangt og um, að ákærða verði gert að sæta upptöku á bifreiðinni R-33252.

Í hæstaréttarmálinu nr. 451/1989 gerir verjandi ákærða þær dómkröfur aðallega, að héraðsdómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Reykjavíkur verði dæmd ógild og málinu vísað heim í hérað til löglegrar efnismeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju, en til vara, að ákærða verði ekki gerð refsing og hann sýknaður af kröfu ákærvaldsins um upptöku bifreiðarinnar R-33252. Í hæstaréttar-

málinu nr. 452/1989 krefst verjandi aðallega, að ákærða verði ekki gerð refsing, en til vara, að refsing verði verulega lækkuð.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

## I.

Hinn 23. desember 1988 lagði lögreglustjórinn í Reykjavík að kröfu ríkissaksóknara hald á bifreið ákærða. Ákærði krafðist úrskurðar um haldlagninguna hjá sakadómi Reykjavíkur. Júlíus B. Georgsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kvað hinn 13. janúar 1989 upp úrskurð um ágreiningsefni þetta. Í úrskurðarorði segir meðal annars svo: „Hald það sem lögreglan í Reykjavík lagði á bifreiðina R-33252, eign úrskurðarbeiðanda, skal óhaggað standa.“

Verjandi ákærða byggir ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína í máli nr. 451/1989 aðallega á því, að með ofangreindum úrskurði, sem kveðinn var upp á rannsóknarstigi, hafi fulltrúinn tekið efnislega afstöðu til málsins. Fulltrúinn hafi starfað á ábyrgð yfirsakadómarans í Reykjavík. Hafi þetta leitt til þess, að yfirsakadómarari og fulltrúar hans hafi orðið vanhæfir til að dæma í máli þessu, þar á meðal Halla Bachmann Ólafsdóttir, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm 31. maí 1989. Vísar verjandinn í þessu sambandi til mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, og dóm Hæstaréttar 9. janúar 1990.

Þegar héraðsdómarinn í ofangreindu máli fjallaði um upptöku á bifreið ákærða í dómi sínum, skírskotaði hann til tveggja dóma sakadóms Reykjavíkur frá 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989 í málum ákærða. Þessa dóma hafði Hæstiréttur ómerkt með dómum sínum 29. maí 1989. Þrátt fyrir það lagði héraðsdómarinn efnisdóm á kröfu ákæruvaldsins um upptöku bifreiðarinnar með vísan til þess, að ákæurnar stæðu óhaggaðar og biðu efnisdóms. Verður að líta svo á, að ekki hafi verið lagagrundvöllur til að taka kröfuna til efnismedferðar á þessum tíma á þann hátt, sem héraðsdómarinn gerði. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja ákvæði dómsins um upptöku bifreiðar ákærða, og eins og hér stendur á, þykir verða að vísa kröfu ákæruvaldsins um upptöku frá héraðsdómi.

Héraðsdómarinn, Júlíus B. Georgsson, fjallaði um haldlagningu á bifreiðinni. Kröfu ákæruvalds um eignaupptöku verður sam-

kvæmt framansögðu vísað frá héraðsdómi. Eigi eru ástæður til að ómerkja héraðsdóminn frá 31. maí 1989 að öðru leyti.

## II.

Héraðsdómur 31. maí 1989.

Svo sem lýst er í næsta kafla hér á undan, verður kröfu ákærvalds um upptöku bifreiðar ákærða vísað frá héraðsdómi.

Brotum ákærða er rétt lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða.

## III.

Héraðsdómur 9. október 1989.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakarmat og heimfærslu til refsíákvæða.

## IV.

Telja verður, að ákærði hafi verið sakhæfur, er hann framdi brot sín. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Svipta ber ákærða ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Þá greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms frá 31. maí 1989 um upptöku bifreiðarinnar R-33252 er ómerkt og kröfu ákærvalds um upptöku vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. maí 1989.**

Ár 1989, miðvikudaginn 31. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 259/1989: Ákærvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði Bragi Steinarsson, skipaður sérstakur ríkissaksóknari, með ákæruskjali, dagsettu 16. janúar 1989, gegn ákærða, Herði Ólafssyni, til heimilis að Njálsgötu 87 hér í borg, fæddum 12. september 1921 á Ísa-firði, „fyrir að aka, föstudaginn 23. desember 1988, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni R-33252 austur Njálsgötu í Reykjavík að heimili sínu, en þar hafði lögreglan afskipti af honum strax að loknum akstri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að þola, samkvæmt 1., sbr. 2. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, upptöku bifreiðarinnar R-33252 af gerðinni Renault 5 turbo, árgerð 1986, með föstu skráningarnúmeri IZ609, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Mál þetta höfðaði framangreindur ríkissaksóknari enn fremur með ákæruskjali, dagsettu 18. janúar 1989, gegn ákærða, Herði Ólafssyni, „fyrir að aka bifreiðinni R-33252 fjórum sinnum á árinu 1988, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Föstudaginn 19. ágúst, austur Suðurlandsbraut í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

2) Sunnudaginn 11. september, frá Korpúlfsstöðum í Reykjavík áleiðis að Vesturlandsvegi, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

3) Fimmtudaginn 29. september, vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

4) Laugardaginn 1. október, austur Laugaveg í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Nóatún.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Mál þetta höfðaði áður nefndur ríkissaksóknari að lokum með ákæruskjali, dagsettu 8. mars 1989, gegn ákærða „fyrir að aka tvisvar á árinu 1988 bifreiðinni R-33252 um götur í Reykjavík, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Laugardaginn 13. ágúst, suður Snorrabraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

2) Miðvikudaginn 24. ágúst, suður Barónsstíg, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Grettisgötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði, sem er hæstaréttarlögmaður, hefur sjálfur haldið uppi vörnum fyrir sig. Hann hefur í bréfi, er fylgdi málsvörn, krafist sýknu í málinu og málskostnaðar. Þá hefur ákærði í bréfi, dags 19. þ.m., krafist dóms í málinu í næstu viku á eftir.

*Málavextir eru sem hér segir, samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.*

Ákærði, Hörður Ólafsson, var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða hjá lög-  
reglustjóranum í Reykjavík samkvæmt 6. mgr. 81. gr. þágildandi umferðar-  
laga nr. 40, 1968, sbr. nú 103. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, með ákvörðun  
frá 8. apríl 1986, sem birt var ákærða 18. nóvember sama ár, vegna ætlaðs  
ölvunaraksturs. Ákvörðunin um sviptinguna var borin undir sakadóm  
Reykjavíkur, og var ákveðið með úrskurði þann 21. apríl 1987, að hún  
skyldi haldast. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn með dómi uppkveðnum 6.  
maí sama ár. Hefur ökuleyfisvipting ákærða staðið óhöggð síðan.

*Ákæra, dagsett 16. janúar 1989.*

Föstudaginn 23. desember 1988 barst lögreglumönnum, sem voru á eftir-  
litsferð, tilkynning frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, að bifreiðin R-33252  
væri í akstri og að ökumaður hennar væri sviptur ökuréttindum.

Um kl. 16.32 veittu lögreglumenn bifreiðinni athygli, þar sem henni var  
ekið austur Njálsgötu og lagt í bifreiðastæði við hús nr. 87 við sömu götu.  
Lögreglumaðurinn Hafsteinn R. Kristjánsson hafði tal af ökumanni,  
ákærða í máli þessu, Herði Ólafssyni. Í viðræðum þeirra bar ákærði, að  
hann teldi sig ekki vera sviptan ökuréttindum þrátt fyrir dóm sakadóms  
Reykjavíkur frá 11. nóvember 1988, þar sem hann hefði áfrýjað dóminum  
til Hæstaréttar Íslands, og teldi hann, að áfrýjun frestaði réttaráhrifum  
dómsins að þessu leyti.

Í kjölfar þessa var bifreiðin R-33252 færð í vörslu lögreglunnar að boði  
Jónasar J. Hallssonar aðalvarðstjóra, en með bréfi ríkissaksóknara dag-  
settu 7. nóvember 1988 til lögreglustjórans í Reykjavík lagði hann fyrir,  
að hald yrði lagt á bifreið ákærða, yrði hann staðinn að því að aka sviptur  
ökuréttindum, í ljósi bréfs, sem ákærði ritaði sjálfur til ríkissaksóknara,  
dagsetts 4. nóvember sama ár, þar sem ákærði lýsir því yfir, að þrátt fyrir  
bráðabirgðasviptingu ökuréttinda hefði hann ekið bifreið daglega frá 14.  
febrúar 1988.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 föstudaginn

23. desember sl. sviptur ökuréttindum austur Njálsgötu í Reykjavík að heimili sínu Njálsgötu 87, þar sem lögreglan hafi haft afskipti af sér strax að loknum akstri.

*Niðurstöður.*

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um það, sem að framan greinir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

*Ákæra, dagsett 18. janúar 1989.*

1) Föstudaginn 19. ágúst sl. um kl. 11.10 voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið austur Suðurlandsbraut, og stöðvuðu þeir akstur hennar skömmu síðar á sömu götu. Lögreglumenn höfðu tal af ökumanni bifreiðarinnar, Herði Ólafssyni, ákærða í máli þessu, og færðu hann á lögreglustöð fyrir varðstjóra, þar sem ákærði hafði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum austur Suðurlandsbraut föstudaginn 19. ágúst sl., uns lögregla stöðvaði frekari akstur hans.

2) Sunnudaginn 11. september um kl. 16.45 voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið frá Korpúlfsstöðum í átt að Vesturlandsvegi. Lögreglumenn veittu bifreiðinni eftirför, þar sem þeir höfðu grun um, að ökumaður væri sviptur ökuréttindum. Stöðvuðu þeir akstur hennar skömmu síðar og ræddu við ökumann, ákærða Hörð. Ákærði bar, að hann hefði ekki ökuskírteini, þar sem hann hefði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, en hann myndi halda áfram að aka þrátt fyrir það, þar sem fullnaðardómur hefði ekki gengið í málinu.

Ákærði hefur játað að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum 11. september sl. frá Korpúlfsstöðum í átt að Vesturlandsvegi, þar sem lögreglan hafi stöðvað frekari akstur hans.

3) Fimmtudaginn 29. september 1988 um kl. 11.30 veittu lögreglumenn í umferðareftirliti bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið vestur Suðurlandsbraut, og stöðvuðu þeir þegar akstur bifreiðarinnar, þar sem þeim var kunnugt um, að ökumaður hennar, ákærði Hörður, væri sviptur ökuréttindum. Ákærði var síðan færður fyrir varðstjóra.

Ákærði hefur borið að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík 29. september sl., uns frekari akstur var stöðvaður af lögreglu.

4) Laugardaginn 1. október 1988 um kl. 17.50 voru lögreglumenn á eftirlitsferð á Laugavegi, er þeir veittu ákærða athygli, þar sem hann ók bifreið-

inni R-33252 austur þá götu að mótum Laugavegar og Nóatúns. Lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða, Harðar Ólafssonar, þar sem þeir vissu, að hann væri sviptur ökuréttindum, og var hann fluttur á lögreglustöðina ásamt bifreiðinni.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum austur Laugaveg í Reykjavík laugardaginn 1. október sl., uns lögregla hafi stöðvað frekari akstur á mótum Laugavegar og Nóatúns.

*Niðurstöður.*

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessari ákæru. Varða brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

*Ákæra, dagsett 8. mars 1989.*

1) Laugardaginn 13. ágúst 1988 um kl. 20.38 var lögreglumaður á eftirlitsferð, er hann veitti bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið suður Snorrabraut. Stöðvaði hann akstur ökumanns, ákærða í máli þessu, þar sem hann vissi, að hann væri sviptur ökuréttindum. Ákærði, Hörður Ólafsson, var færður fyrir varðstjóra, en maður, sem var með honum í bifreiðinni, tók við stjórn hennar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 laugardaginn 13. ágúst sl. sviptur ökuréttindum, uns lögregla stöðvaði frekari akstur á Snorrabraut.

2) Miðvikudaginn 24. ágúst sl. um kl. 17.00 veittu lögreglumenn bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið suður Barónsstíg að Grettisgötu. Lögreglumenn stöðvuðu akstur ökumanns, ákærða í máli þessu. Ákærði, Hörður Ólafsson, bar í viðræðum við lögreglumenn, að hann hefði fullgild ökuréttindi. Lögreglumenn höfðu þá samband við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, sem veitti þær upplýsingar, að ákærði væri sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og var hann því færður fyrir varðstjóra.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum mánudaginn 24. ágúst sl. suður Barónsstíg, uns lögregla stöðvaði frekari akstur við Grettisgötu.

*Niðurstöður.*

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir í þessari ákæru. Varða brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

*Sakaferill ákærða.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða dags. 31. maí 1989 hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

[Ákærði hefur níu sinnum sæst á greiðslu sekta, þar á meðal einu sinni (1982) fyrir ölvunarakstur, og sætt fimm refsisdómum, þar af fjórum fyrir umferðarlagabrot (ölvunarakstur o.fl.). Tveir síðustu þessara dóma (uppkv. 11. nóv. 1988 og 13. febrúar 1989) voru ómerktir með dómi Hæstaréttar 29. maí 1989 og máluðum vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.]

Svo sem í sakavottorði ákærða greinir, hefur hann þrisvar áður hlotið dóm fyrir að aka bifreið, þótt hann væri undir áhrifum áfengis.

Með dómum sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989 hlaut ákærði alls 6 mánaða fangelsi fyrir að aka 11 sinnum bifreið, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, þar af á þjóðvegi með 130 og 121 km hraða í hvort skipti, og 16 sinnum sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Hæstiréttur ómerkti málsmeðferð að nokkru leyti vegna galla, en ákærurnar standa óhaggaðar og bíða efnisdóms. Svo sem að framan greinir, er ákærði nú dæmdur fyrir að aka bifreið 7 sinnum þrátt fyrir sviptingu ökuréttinda.

— — —

*Ákvörðun refsingar ákærða.*

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og því, sem að framan er rakið, 2 mánaða varðhald.

*Krafa um upptöku bifreiðar.*

Í fyrstgreindu ákærinni er krafist upptöku á bifreiðinni R-33252 af gerðinni Renault 5 turbo, árgerð 1986, með föstu skráningarnúmeri IZ 609.

Lögreglan lagði hald á bifreið ákærða, R-33252, þann 23. desember sl. og gekk úrskurður í sakadómi Reykjavíkur hinn 13. janúar og síðan dómur í Hæstarétti 3. febrúar sl., þar sem haldið var staðfest. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.:

— — —

Í 1. mgr. 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, er almenn heimild til upptöku hluta, sem hafa verið notaðir til að drýgja brot með, og í 1. mgr. 2. tl. sömu greinar er einnig heimild til upptöku hluta, sem ætla má, að ákvarðaðir séu í glæpsamlegu skyni. Ákvæði þessu er heimilt að beita, að því er varðar slíka muni (instrumenta sceleris), hvort sem um er að ræða hegningarlagabrot eða brot gegn sérrefsilöggjöf. Heimildin í

1. t. lýtur aðallega að munum, sem afbrot hafa verið framin með, en eru almennt notaðir í löglegum tilgangi, en heimild 2. t. tekur aðallega til muna, sem beinlínis eru til þess fallnir að drýgja með afbrot og teljast því almennt hættulegir réttaröryggi manna.

Í umferðarlögum er ekki fyrir hendi heimild til upptöku farartækis vegna brota á lögunum, enda má ætla, að slíkri heimild yrði aðeins beitt í sérstökum undantekningartilvikum. Að framan er getið dóma, sem ákærði hefur hlotið fyrir réttindaleysi við akstur og ölvunarakstur. Svo sem að framan er getið, var ákærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989 í 6 mánaða fangelsi fyrir að hafa ekið 16 sinnum sviptur ökuréttindum og 11. sinnum undir áhrifum áfengis, þar af á þjóðvegi með 130 km/klst. og 121 km/klst. í hvort skipti. Hæstiréttur hefur ómerkt málsmeðferð að nokkru leyti vegna galla, en ákærurnar standa óhaggaðar og bíða efnisdóms. Ákærði hefur viðurkennt sakarefni að hluta. Fram að því, að hald var lagt á bifreið ákærða, hefur ákærði síst dregið úr þessari afbrotaiðju sinni, og er þess ekki að vænta, ef litið er til sakaféls hans, að hann hyggist láta af henni.

Þrátt fyrir það að ekki verði komið í veg fyrir, að ákærði haldi enn áfram að aka undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus, þótt bifreið hans verði gerð upptæk, má ætla, að með því verði ákærða gert erfiðara um vik að halda áfram að stofna umferðaröryggi og lífi samborgara sinna í hættu, svo sem reyndin hefur orðið, en síðan hald var lagt á bifreiðina, hefur hann ekki orðið uppvis að broti. Þykir því með vísan til 1., sbr. 2. t. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, rétt að taka til greina kröfu ákærvaldsins um upptöku framangreindrar bifreiðar ákærða, og verði hún eign ríkissjóðs.

#### *Sakarkostnaður.*

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974.

Krafa ákærða um málsvarnarlaun sér til handa er ekki tekin til greina.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, skal sæta varðhaldi í 2 mánuði.

Ákærði skal sæta upptöku á bifreiðinni R-33252 af gerðinni Renault 5 turbo, árgerð 1986, með föstu skráningarnúmeri IZ609.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. október 1989.**

Ár 1989, mánudaginn 9. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 460/1989: Ákærvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem dómtekið var 4. sama mánaðar.

Málið er höfðað með þrem ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 4. mars og 12. nóvember 1987 og 6. október 1988, á hendur ákærða, Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Njálsgötu 87, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði.

Með fyrstu ákærinni, dagsettri 4. mars 1987, er ákærða gefið að sök „að aka bifreið sinni R-94 sex sinnum undir áhrifum áfengis svo sem rakið er:

## 1.

Fimmtudagskvöldið 13. febrúar 1986 frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Þjóðvegnum við bæinn Hraunsnef í Norðurárdal og neyta jafnframt áfengis við aksturinn.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

## 2.

Aðfaranótt miðvikudagsins 19. mars 1986 frá Njálsgötu 87 og um götur í Laugarneshverfi, þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Gullteigi við Hofteig.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

## 3.

Föstudaginn 3. október 1986 frá Reykjavík áleiðis til Selfoss og aka bifreiðinni með 130 kílómetra hraða austur Suðurlandsveg við Sandskeið á Hellisheiði (sic), en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans í Svínahrauni, nokkru austar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og alið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlaga.

## 4.

Miðvikudagskvöldið 8. október 1986 frá Reykjavík áleiðis í Víðines á Kjalarnesi, aka bifreiðinni með 121 km hraða norður (sic) Vesturlandsveg við Grafarholt og sinna þar ekki stöðvunarmerkjum lögreglumanna heldur aka bifreiðinni inn á veginn að Keldnaholti þar sem lögreglumenn höfðu af-

skipti af honum við hús Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í Keldnaholti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og b-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlagna.

## 5.

Um miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 frá Njálsgötu 87 að Vífilsgötu 19 í Reykjavík og aftur að Njálsgötu 87 þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum skömmu eftir akstur.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlagna.

## 6.

Mánudaginn 19. janúar 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, frá Njálsgötu 87 að Eskihlíð 26 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlagna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis-sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með annarri ákærinni, dagsettri 12. nóvember 1987, er ákærða gefið að sök „að aka bifreiðinni R-94 um götur í Reykjavík í eftirgreind 7 skipti á árinu 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem hér er rakið:

- 1) Miðvikudaginn 22. apríl, um götur í miðborginni.
- 2) Föstudaginn 24. apríl, austur Tryggvagötu.
- 3) Þriðjudaginn 28. apríl, að lögreglustöðinni við Hverfisgötu.
- 4) Laugardaginn 2. maí, vestur Sundlaugaveg.
- 5) Miðvikudaginn 6. maí, um Njálsgötu og Snorrabraut.
- 6) Laugardaginn 13. júní, þá undir áhrifum áfengis, norður Snorrabraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.
- 7) Mánudaginn 10. ágúst, þá undir áhrifum áfengis, suður Kalkofnsveg og Lækjargötu og inn á Amtmannsstíg, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., liðir 6 og 7 auk þess við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis-sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Loks er ákærða gefið að sök með ákæru, dagsettri 6. október 1987, „að aka bifreiðum, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember (sic) 1987, bifreiðinni R-94 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Eskihlíð 26.

2) Mánudaginn 30. nóvember 1987, bifreiðinni Ö-8410 úr Garðastræti í Reykjavík, um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Njálsgötu.

3) Föstudaginn 18. desember 1987, bifreiðinni R-33252 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg.

4) Að kvöldi miðvikudagsins 30. desember 1987, sömu bifreið frá Laugarásvegi 53, Reykjavík, áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg við Laugaveg.

5) Að kvöldi föstudagsins 5. febrúar 1988, sömu bifreið frá heimili sínu niður á Tryggvagötu og fyrir að reyna að aka henni þaðan, nokkru síðar, þá undir áhrifum áfengis, en áður en ákærða tókst að aka af stað, handtók lögreglan hann.

6) Aðfaranótt þriðjudagsins 8. mars 1988, undir áhrifum áfengis, sömu bifreið frá heimili sínu út á Álftanes, en þar lauk akstri hans á Álftanesvegi við Selskarð, er bifreiðin varð bensínlaus.

7) Sunnudaginn 27. mars 1988, undir áhrifum áfengis, sömu bifreið frá heimili sínu út á Seltjarnarnes og aftur að heimili sínu, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða, strax að loknum akstri.

8) Sunndaginn 10. júlí 1988, sömu bifreið frá heimili sínu áleiðis að Tjarnargötu, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Laugavegar og Snorrabrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., en liðir 5, 6 og 7 auk þess við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Um sakir í máli þessu gengu tveir dómur í héraði, 11. nóvember 1988 og 13. febrúar sl. Voru báðir dómarnir ómerktir í Hæstarétti 29. maí í vor og vísað heim í hérað. Þar sem meirihluti Hæstaréttar taldi, að hinn reglulegi ríkissaksóknari væri ekki lengur bær að fara með málin, fól dómsmálaráðherra Braga Steinarssyni vararíkissaksóknara með skipunarbréfi, dagsettu 7. júní sl., að gegna störfum ríkissaksóknara í málunum. Voru þau fengin öðrum dómara og sameinuð. Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist í málflytningi, að máli þessu verði vísað frá dómi, þar sem Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, sem fari með mál þetta samkvæmt sérstakri skipun, sé vanhæfur til þess. Leiði það af því, að yfirmaður hans, hinn reglulegi ríkissaksóknari, hafi verið leystur undan saksóknarvaldi í

málinu. Hinn sérstaki ríkissaksóknari hefur mótmælt kröfunni og krafist þess, að málið verði dæmt að efni til.

Ekki verður séð, að það leiði á nokkurn hátt til vanhæfis hins sérstaka ríkissaksóknara, að hann er að öðru leyti undirmaður hins reglulega ríkissaksóknara, enda fer hann sjálfstætt með saksókn í þessu máli. Ber því að synja kröfu ákærða um, að málinu verði vísað frá dómi.

### *Málavextir.*

#### *I. Ákæra, dagsett 4. mars 1987.*

1. Ákærði hefur játað að hafa ekið bifreiðinni R-94 undir áfengisáhrifum fimmtudagskvöldið 13. febrúar 1986 frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur, en á þjóðveginum við bæinn Hraunsnef í Norðurárdal stöðvaði lögreglan akstur hans. Jafnframt hefur ákærði viðurkennt að hafa neytt áfengis við aksturinn. Í blóði hans mældust 2,48‰ af vínanda.

Með þessu telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar þessi háttsemi ákærða við 4. mgr. 44. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærði hefur játað að hafa ekið bifreið sinni, R-94, aðfaranótt miðvikudagsins 19. mars 1986 undir áfengisáhrifum frá Njálsgötu 87, Reykjavík, og um götur í Laugarneshverfi, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Gullteigi við Hofteig. Í blóði ákærða mældust 2,59‰ af vínanda.

Með þessu telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærði hefur játað að hafa föstudaginn 3. október 1986 ekið bifreiðinni R-94 undir áhrifum áfengis frá Reykjavík áleiðis til Selfoss, en lögreglumenn hafi stöðvað akstur hans í Svinahrauni, en hefur mótmælt því, að hraði bifreiðar hans hafi verið svo mikill sem í ákæru segir, enda þótt hann geti ekki sagt, hve hratt hann hafi ekið.

Lögreglumenn þeir, sem afskipti höfðu af ákærða út af þessu máli, hafa gefið skýrslu í málinu. Staðfesta þeir, að hraði bifreiðarinnar R-94 samkvæmt radarmælingu hafi reynst vera 130 km m.v. klst. Eru bæði vitnin ekki í vafa um, að mælingin hafi átt við bifreiðina R-94, enda hafi engri annarri bifreið verið til að dreifa á þeim vegarkafli, sem mælingin fór fram. Í blóði ákærða mældust 1,80‰ af vínanda.

Með játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum,

sem þetta varða, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, R-94, hinn 3. október 1986 undir áfengisáhrifum, eins og nánar er lýst í ákæru. Jafnframt þykir nægilega sannað með vætti vitnanna Eiðs Haralds Eiðssonar og Kristjáns Inga Kristjánssonar, sem stutt er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi ekið bifreið sinni með 130 km hraða m.v. klst., eins og í ákær-  
unni segir.

Þessi háttsemi ákærða varðar við 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og a-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, sbr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

4. Miðvikudaginn 8. október 1986 kl. 21.45 voru lögreglumenn úr lög-  
reglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu í umferðareftirliti í lögreglubifreiðinni G-4442 og óku suður Vesturlandsveg. Skammt norðan við Grafarholt sáu þeir, að bifreiðinni R-94 var ekið norður Vesturlandsveg, og sýndi ratsjá lög-  
reglubifreiðarinnar, að hraði R-94 var 121 km m.v. klst. Gáfu þeir ökumanni þegar merki um að nema staðar, en því sinnti hann ekki. Hófu þeir þá eftirför og stöðvuðu akstur bifreiðarinnar við Rannsóknastofnun landbúnaðarins í Keldnaholti. Þar höfðu lögreglumennirnir tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, og fundu þá, að talsverðan áfengisþef lagði frá vitum hans. Var hann því færður á lögreglustöðina í Hafnarfirði til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Kl. 22.27 kom læknir á lögreglustöð til töku blóðsýnis úr ákærða, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar, en ákærði neit-  
aði því hjá lögreglu að hafa neytt áfengis, fyrr en eftir að hann hætti akstri. Reyndust í blóði hans vera 2,64‰ af vínanda.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefnið næsta morgun. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði verið að koma heiman frá sér og ætlað upp í Víðines til að færa vistmanni þar viskíflösku. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, áður en hann fór að heiman, og þá hefði flaskan verið óupptekin. Kvaðst hann hafa ekið nokkuð hratt, en hann hefði ekki fylgst með hraðamæli bifreiðar sinnar, þegar hann hefði mætt lögreglunni. Hefði hann ákveðið að fela sig og ekið inn á veginn heim að Keldnaholti og þar að húsinu, stöðvað bifreiðina, drepið á vél hennar og slökkt ljósinn. Þar sem hann hefði verið í uppnámi, hefði hann gripið til viskíflöskunnar og sturtað í sig u.þ.b. 1/3 af innihaldi hennar, en þá hefði lögregluna borið að. Kvaðst ákærði hafa gert þetta í fátí, en ekki vegna þess, að hann hefði verið búinn að neyta áfengis, áður en hann hóf aksturinn.

Ákærði kvaðst ekki rengja mælingu lögreglunnar varðandi hraða bif-  
reiðarinnar R-94.

Fyrir dómi mótmælti ákærði því, að atferli því, sem honum væri gefið að sök í ákæru, væri þar rétt lýst.

Kristján Guðnason lögregluþjónn skýrði svo frá, að þeir Guðmundur Hilmarsson hefðu verið að koma úr Mosfellsbæ á leið til Hafnarfjarðar í lögreglubifreiðinni G-4442. Skammt norðan Grafarholts hefðu þeir mætt bifreiðinni R-94. Hefði radar lögreglubifreiðarinnar sýnt 121 km hraða m.v. klst. Guðmundur hefði þegar snúið lögreglubifreiðinni við og hafði eftirför. Bifreiðinni R-94 hefði verið beygt til vinstri út af Vesturlandsvegi og inn á veginn að Keldnaholti og lögreglubifreiðinni verið ekið á eftir henni og þá verið næsta bifreið á eftir henni. Bifreiðinni R-94 hefði svo verið beygt til hægri og niður að húsi, sem þar er, og lögreglubifreiðin þá verið rétt á eftir og staðnæmst um sama leyti fyrir aftan bifreiðina R-94. Kvaðst Kristján þegar hafa farið út og haft tal af ökumanninum, sem sýnilega hefði verið undir áfengisáhrifum. Hann hefði beðið ökumanninn að koma yfir í lögreglubifreiðina, sem hann hefði gert strax. Kristján kvaðst ekki hafa séð neina áfengisflösku hjá ökumanninum og kvað útilokað, að hann hefði haft tíma til að drekka úr áfengisflösku á þeim tíma, sem leið, frá því að hann stöðvaði (sic) og þar til hann kom til hans, sem ekki hafi verið nema nokkrar sekúndur. Þá lét hann þess og getið, að ökumaðurinn hefði ekki minnst á áfengisflösku, fyrr en varðstjóri fór að taka af honum varðstjóráskýrslu á lögreglustöðinni. Hefði hann þá sagt frá þessari áfengisflösku. Flaskan hefði svo fundist á gólfinu í bifreiðinni. Ítrekaði Kristján, að hann teldi með öllu útilokað, að ákærði hefði haft tíma til að neyta áfengis á þessum tíma, meðan lögreglan var að fara að bifreið hans. Þá kvaðst hann telja útilokað, að ákærði hefði getað neytt áfengis, eftir að akstri lauk og þar til honum var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar.

Guðmundur Óðinn Hilmarsson lögreglumaður kvaðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar greint sinn. Þeir lögreglumennirnir hefðu verið að koma frá lögreglustörfum úr Mosfellsbæ og verið á leið til Hafnarfjarðar. Er þeir hefðu verið komnir rétt suður fyrir veginn, sem liggur að Keldnaholti, hefði komið inn á radarinn bifreið, sem hefði verið ekið hratt, og hefði hraði bifreiðar þessarar verið nokkuð yfir 100 km/klst. Áður en bifreiðarnar hefðu mæst, hefði hann verið búinn að kveikja á rauðum blikkljósum lögreglubifreiðarinnar og þannig ætlast til, að ökumaður bifreiðarinnar stöðvaði (sic). Bifreiðinni hefði hins vegar verið ekið áfram með óbreyttum hraða og þeir þá snúið við og veitt henni eftirför.

Þeir hefðu svo séð, að bifreiðinni var beygt inn á veginn að Keldnaholti, og hefðu þeir fylgt henni eftir og fljótlega dregið hana alveg uppi. Bifreiðinni hefði verið beygt að húsi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og numið þar staðar. Þá hefði lögreglubifreiðin verið komin alveg að bifreiðinni, og kvaðst vitnið hafa séð ökumann bifreiðarinnar mjög greinilega um afturrúðu bifreiðarinnar. Starfsbróðir hans, Kristján Guðnason, hefði strax stigið út úr lögreglubifreiðinni og farið að bifreiðinni R-94, og hefði hann

verið kominn til ökumanns 3-4 sekúndum, eftir að bifreið hans stöðvaði (sic). Það væri því útilokað, að ökumaður bifreiðarinnar hefði haft tíma til að neyta áfengis, eftir að hann nam staðar, og reyndar væri hann þess fullviss, því að hann hefði horft á manninn þann tíma, sem leið frá því, að bifreiðin nam staðar og þar til Kristján var kominn að bifreiðinni og farinn að ræða við ökumanninn. Ökumaðurinn hefði verið áberandi ölvaður, stöðugur (sic) á fótum og þvoglulegur í tali. Hann hefði haft á orði, að hann hefði ætlað að freista þess að komast undan lögreglunni og vitað, að lögregla væri á eftir honum. Þá hefði hann strax sagt, að hann hefði einungis neytt áfengis, eftir að hann lagði bifreiðinni við rannsóknastofnunina.

Með vætti vitnanna Kristjáns Ólafs Guðnasonar og Guðmundar Óðins Hilmarssonar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., og 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og b) lið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

5. Þriðjudaginn 18. nóvember 1986 kl. 00.26 var óskað aðstoðar lögreglu að Vífilsgötu 19 hér í borg vegna rúðubrots. Þar hafði tilkynnandinn, Sigurður Ingólfsson, íbúi á 1. hæð, tal af lögreglumönnum. Kvaðst hann hafa vaknað við, að grjóthnullungur kom fljúgandi gegnum svefnherbergisglugga íbúðarinnar, en í herberginu hafi auk þess verið sambýliskona hans og ungt barn þeirra. Sigurður kvaðst hafa litið út um gluggann og þá séð ákærða hlaupa að bifreiðinni R-94 og aka brott í henni. Að fengnum þessum upplýsingum fóru lögreglumennirnir, sem komu á vettvang, að Njálsgötu 87, en áður höfðu þeir fundið bifreiðina R-94 í bifreiðastæði við Snorrabraut 50. Bifreiðin var mannlaus, en við athugun á vél hennar reyndist hún vera heit viðkomu.

Á Njálsgötu 87 höfðu lögreglumennirnir tal af ákærða. Var hann að mati þeirra sjáanlega undir áfengisáhrifum. Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar kl. 01.20. Reyndust í því vera 2,25‰ af vínanda.

Við lögreglurannsókn málsins neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni R-94 og kvaðst raunar ekki hafa ekið henni frá því laust eftir hádegi deginum áður. Hins vegar kvaðst hann hafa komið að Vífilsgötu 19 og brotið þar rúðu. Ákærði kvaðst enga skýringu geta gefið á því, af hverju vél bifreiðar hans reyndist heit viðkomu, er lögreglumenn könnuðu það. Hann kvaðst hafa verið undir áfengisáhrifum. Hefði hann byrjað áfengisneyslu

siðdegis á mánudeginum 17. nóvember og verið við drykkju fram á kvöld.

Ákærði var fyrir dómi 15. júní 1989 inntur eftir því, hvort hann hefði ekið bifreiðinni R-94 undir áhrifum áfengis aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 frá Njálsgötu 87 að Vífilsgötu 19 hér í borg og aftur að Njálsgötu 87, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum skömmu síðar. Kvaðst hann þá mótmæla gögnum þeim, sem þessi ákæruliður væri reistur á, sem röngum og óstaðfestum.

Ákærði var að nýju spurður út í þetta sakarefni hér fyrir dómi 28. ágúst sl. Kannaðist ákærði þá við það að hafa ekið þessari bifreið sinni heiman að frá sér að Vífilsgötu 19 og aftur þaðan út á Snorrabraut, þar sem hann skildi bifreiðina eftir. Hafi hann ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Kveðst hann hafa gengið heim til sín, fengið sér sjúss og háttað ofan í rúm. Ekki kvaðst ákærði vita, hversu mikils áfengis hann hefði neytt, þegar heim var komið. Það muni hafa verið sterkt áfengi og hefðu getað verið tveir stórir sjússar. Um 20 mínútum eftir að hann kom heim, hefðu lögreglumenn kvatt dyra hjá honum. Kvað ákærði afbrýðisemi hafa ráðið gerðum sínum á Vífilsgötunni.

Vitnið Sigurður Ingólfsson skýrði svo frá, að laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 hefði hann vaknað við rúðubrot í svefnherbergisglugganum. Kvaðst hann þegar í stað hafa farið að stofuglugganum og þá séð, hvar ákærði hljóp að Renault-bifreið, sem var í gangi og stóð fyrir framan húsið nr. 21 við Vífilsgötu. Hann hefði stigið inn í bifreiðina og henni verið ekið brott. Sigurður kvaðst ekki hafa séð skráningarnúmer bifreiðarinnar, en hún hefði verið af sömu tegund og bifreið ákærða. Ekki hefði hann séð, hvar ákærði settist inn í bifreiðina.

Jónbjörn Bogason lögreglumaður skýrði svo frá, að aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 hefði hann verið í eftirlitsferð ásamt Sveini Erlendssyni, þegar þeir fengu boð um að fara að Vífilsgötu 19 vegna rúðubrots. Þeir hefðu þegar farið á vettvang og fengið þær upplýsingar, að ákærði hefði sést hlaupa frá húsinu, eftir að rúðan hefði verið brotin, og hefði hann þekkt manninn sem ákærða í máli þessu.

Jónbjörn kvað þá lögreglumennina hafa farið 20-30 mínútum síðar rakiðis að Njálsgötu 87, þar sem ákærði býr. Þeir hefðu séð bifreið ákærða, R-94, þar sem hún stóð á Snorrabraut, skammt sunnan Njálsgötu. Þeir hefðu athugað bifreiðina og fundið, að vél hennar var heit. Hefðu þeir knúið dyra hjá ákærða og hefði hann hvorki kannast við rúðubrotið né að hafa ekið bifreiðinni. Hefði ákærði verið sýnilega undir áhrifum áfengis.

Sveinn Erlendsson lögreglumaður skýrði svo frá, að hann hefði verið í almennu eftirliti ásamt Jónbirni Bogasyni, þegar þeir hefðu fengið boð um að fara að Vífilsgötu 19 vegna rúðubrots. Mjög skammur tími hefði liðið, þar til þeir komu á vettvang. Húsráðandinn, Sigurður Ingólfsson, hefði sagt

þeim, að hann hefði farið út í glugga, strax eftir að rúðan hefði verið brotin, og hann hefði séð ákærða, sem hann þekkti, hlaupa að bifreið, sem þarna var, og aka á brott.

Að fengnum þeim upplýsingum hafi þeir Jónbjörn farið að Njálsgötu 87, heimili ákærða. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina R-94, þar sem hún stóð í stöðureit á Snorrabraut, gengið að bifreiðinni, þreifað á smuroliu-þönnu hennar og þannig kannað, hvort vél hennar væri heit viðkomu, og sú hafi verið reyndin. Að svo búnu hefðu þeir knúið dyra hjá ákærða. Ákærði hefði hvorki kannast við að hafa brotið rúðu að Vífilsögötu 19 né að hafa ekið bifreiðinni. Hann kvað ákærða hafa verið áberandi ölvaðan, en þó hefði hann fallist á að koma með þeim á lögreglustöðina. Er þeir hefðu komið út, hefði hann öðru sinni kannað vél bifreiðarinnar og fullvissað sig um, að hún væri heit viðkomu. Hið sama hefði Jónbjörn gert. Loks kvað hann tímann, sem leið, frá því að þeir fengu fyrirmælin um að fara að Vífilsögötu 19, þar til þeir voru komnir að heimili ákærða, vart hafa verið meira en 15-20 mínútur, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það. Hann kvaðst þó muna, að þegar hann kom inn í íbúðina í húsinu nr. 19 við Vífilsögötu, þá hefði hann veitt því athygli, að klaki var utan á steininum, sem lá þar á gólfinu.

Þegar litið er til þess, að allt að 30 mínútur hefðu getað liðið, frá því að ákærði braut rúðu á Vífilsögötunni og þar til hann var handtekinn, og að hann hefur sagt, að hann hafi neytt áfengis heima hjá sér, eftir að akstri lauk, þykja gegn neitun hans ekki vera komnar fram lögfullar sönnur fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni R-94 undir áhrifum áfengis þriðjudagsnóttina 18. nóvember 1986, og ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

6. Ákærði hefur viðurkennt að hafa mánudaginn 19. janúar 1987 ekið bifreiðinni R-94 undir áfengisáhrifum og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá Njálsgötu 87 að Eskihlíð 26 hér í borg. Í blóði hans mældust 2,86‰ af vinanda.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í 6. lið ákæruskjals. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

## II. Ákæra, dagsett 12. nóvember 1987.

1.-5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-94, eins og lýst er í liðum 1-5 í ákæru frá 12. nóvember 1987. Verður að telja sannað með

framburði hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi ekið bifreiðinni, eins og í ákærinni segir. Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 18. nóvember 1986 og naut ekki ökuréttinda við aksturinn.

Varðar þessi akstur ákærða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. núgildandi umferðarlaga, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga.

6. Laugardaginn 13. júní 1987 kl. 09.07 stöðvuðu lögreglumenn í Reykjavík akstur bifreiðarinnar R-94 á Snorrabraut. Haft var tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, og fannst þá, að mikinn áfengisþef lagði frá vitum hans. Jafnframt kom í ljós, að ákærði var sviptur ökuréttindum.

Ákærði var færður á lögreglustöð til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 09.45. Reyndist það innihalda 2,22‰ af vínanda.

Við rannsókn og meðferð málsins kvaðst ákærði ekki muna eftir atviki þessu. Við lögreglugluyfirheyrslu kvaðst hann að vísu ekki draga í efa, að rétt væri greint frá í frumskýrslu lögreglu, þ.e.a.s., að hann rengdi ekki það, sem í skýrslunni segði. Fyrir dómi mótmælti ákærði skýrslum þeim, sem vörðuðu þennan ákærulið, sem röngum og óstaðfestum.

Brund Þórarinsdóttir og Höskuldur Birkir Erlingsson handtóku ákærða vegna þessa máls. Þau hafa bæði komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Brund skýrði frá því, að þau Höskuldur Birkir hefðu stöðvað akstur bifreiðarinnar R-94 á Snorrabraut að undangenginni eftirför úr Skógarhlíð. Höskuldur hefði farið út úr lögreglubifreiðinni og haft tal af ökumanni R-94, ákærða í máli þessu. Virtist vitninu, að ákærði væri greinilega undir áhrifum áfengis. Hefðu þau fært hann á lögreglustöð fyrir varðstjóra, en að svo búnu á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis.

Höskuldur Birkir Erlingsson kvaðst muna mjög greinilega eftir þessu tilviki. Kvað hann akstur bifreiðarinnar hafa verið stöðvaðan á Snorrabraut, skammt norðan Eiríksgötu, og hefði hann haft tal af ákærða, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar. Hefði áfengisþef lagt frá vitum hans. Hann hefði því látið ákærða gefa öndunarsýni, en að svo búnu hefði hann verið færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Ákærði naut ekki ökuréttinda við aksturinn, eins og áður segir.

Með vætti vitnanna Hrundar Þórarinsdóttur og Höskulds Birkis Erlingssonar, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum, er varða 6. lið ákæru, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem þar greinir.

7. Mánudaginn 10. ágúst 1987 kl. 15.38 stöðvuðu lögreglumenn í Reykjavík akstur bifreiðarinnar R-94 á Amtmannsstíg hér í borg að undangenginni eftirför suður Kalkofnsveg og Lækjargötu. Er þeir ræddu við ökumann bifreiðarinnar, ákærða í máli þessu, fundu þeir, að sterkan áfengisþef lagði

frá vitum hans. Var hann því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en ákærði neitaði að svara spurningum hans.

Að svo búnu var farið með ákærða á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 16.00. Reyndist það innihalda 1,62‰ af vínanda.

Við lögreglurannsókn málsins var þetta haft eftir ákærða:

„Mér er kunnugt um tilefni skýrslutökunnar og tel ég skýrslu lögreglunnar um málið rétta. Mér hafa verið kynntar niðurstöður alkóhólrannsóknar hvað mig varðar, 1,62 prómill, og hef ég ekkert við niðurstöðurnar að athuga.

Ég fer til örlítilla áfengisáhrifa við umræddan akstur en taldi þau áhrif ekkert hafa með hæfni mína sem ökumanns að gera. Ég bendi á að ég hef aldrei ekið bifreið fullur enda haft fullan „bónus“ allt mitt líf. Ég er ekki viss um að ég sé réttindalaus, það er mat dómstóla.

Ég hef ekkert frekar um þetta mál að segja og vil ekki tjá mig um aðra þætti málsins.“

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki reiðubúinn að tjá sig um þennan lið ákæru, en mótmælti lögregluskýrslunum sem röngum og óstaðfestum.

Lögreglumennirnir Guðbrandur Sigurðsson og Hlynur Sigurðsson stóðu að handtöku ákærða út af atvikinu í 7. lið ákæru. Þeir hafa báðir komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Skýrði Guðbrandur Sigurðsson frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn á sama hátt og hann gerði í frumskýrslu málsins, sem hann ritaði.

Vitnið Hlynur Sigurðsson skýrði frá á sama hátt og Guðbrandur.

Ákærði naut ekki ökuréttinda samkvæmt því, sem að framan segir.

Með vætti þessara vitna, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í 7. lið ákæruskjals.

Með háttsemi þeirri, sem lýst er í 6. og 7. lið ákæruskjals, hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

### III. Ákæra, dagsett 6. október 1988.

1-4 og 8. Ákærði hefur kannast við að hafa ekið þeim bifreiðum í þau skipti, sem greinir í 1.-4. og 8. tölulið þessa ákæruskjals, og þær leiðir, sem þar segir. Verður að telja sannað með framburði hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi ekið bifreiðinni, eins og í ákærunni segir. Ákærði var, eins og áður segir, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 18. nóvember 1986 og naut ekki ökuréttinda við aksturinn.

Varðar þessi akstur ákærða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður, að því er tekur til ákæruliða 1-4, 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 frá heimili sínu á Njálsgötu niður í Tryggvagötu og að hafa nokkru síðar reynt að aka henni þaðan undir áhrifum áfengis. Í blóði ákærða mældust 2,53% af vínanda. Er sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, og því, sem áður segir um réttindaleysi hans, að hann hefur gerst sekur um þau brot, sem í þessum ákærulið greinir. Varðar þetta atferli hans við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987.

6. Kl. 00.25 aðfaranótt þriðjudagsins 8. mars 1988 barst lögreglunni tilkynning um, að ölvaður maður sæti í bifreið á Álftanesvegi á móts við Selskarð. Lögreglumennirnir Pétur Joensen og Guðmundur Hilmarsson fóru að sinna þessu og komu að ákærða, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar R-33252 á Álftanesvegi, greinilega ölvaður. Var vél bifreiðarinnar volg viðkomu. Ekki sáu lögreglumennirnir áfengi eða áfengisumbúðir í bifreiðinni við lauslega athugun. Ákærði var færður í blóðtöku og reyndust vera 2,00% af vínanda í blóði hans.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni heiman frá sér út á Álftanes, þar sem hún drap á sér vegna bensinleysis. Telur hann, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærði segist hafa verið með vasapela fullan af viskii og hafi hann drukkið af fleygnum til þess að halda á sér hita í bifreiðinni, eftir að hún hætti að ganga. Pelinn sé úr málm, leðurklæddur, og taki u.þ.b. 1/4 lítra. Kveðst ákærði hafa látið viðvörðunarljós bifreiðarinnar leiftra.

Leit var gerð í bifreið ákærða um morguninn kl. hálfellefu, og fannst þá fleygurinn undir sæti. Var í honum smáslatti af einhverjum vökva.

Gegn neitun ákærða verður ekki talið sannað, að hann hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis frá heimili sínu út á Álftanes, og ber að sýkna hann af ákærinni að þessu leyti. Aftur á móti er hann, með vísan til þess, sem áður sagði um ökuréttindi hans, orðinn sannur að broti gegn 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987, með akstrinum.

7. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið þessari sömu bifreið undir áhrifum áfengis heiman frá sér út á Seltjarnarnes og aftur utan af Nesi heim til sín sunnudaginn 27. mars 1988. Í blóði hans mældust 2,26% af vínanda og hann var án ökuréttinda. Er hann orðinn sannur að broti gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987.

*Viðurlög, sakarkostnaður.*

Ákærði sætti í sumar geðheilbrigðisrannsókn Hannesar Péturssonar yfir-læknis. Í ályktun læknisins segir svo:

„Geðheilbrigðisrannsóknin hefur að mati undirritaðs leitt í ljós að Hörður Ólafsson á við áfengissýki að stríða, en hvorki greindarskort né heilabilun (dementia). Á meðan rannsókninni stóð (sic) varð ekki vart einkenna um formlega geðveiki (psychosis), en sjúkragögn og samdóma álit flest allra þeirra lækna, sem annast hafa greiningu og meðferð Harðar á undanförunum árum gefa til kynna að Hörður sé haldinn geðhvarfasýki (manio-depressive psychosis).

Mat á sakhæfi Harðar Ólafssonar á því tímabili, þ.e. 1986-88, sem framangreind brot áttu sér stað, er nokkrum örðugleikum háð. Í fyrsta lagi er hér um afturvirka rannsókn að ræða og í öðru lagi var Hörður eftir því sem best verður séð ekki í samfelldri meðferð hjá sama lækni á umræddu tímabili. Í þriðja lagi hefur Hörður átt við að stríða áfengissýki í allmörg ár, en geðhvarfasýki er stundum samfara áfengismisnotkun, sem um leið gerir greiningu og meðferð geðsjúkdómsins erfiðari. Hins vegar byggir sjúkdómsgreining Harðar á samdóma álit nokkurra geðlækna og er því litlum vafa undirorpin. Hörður kveðst sjálfur hafa dregið úr áfengisneyslu á undanförunum misserum og að auki greindust einkenni geðhvarfasýki í a.m.k. geðlæknisviðtali á tímabilinu 1986-88.

Einkenni geðhvarfasýki af þeirri tegund er um ræðir (manio-depressive psychosis, bipolar type) eru með þeim hætti að þar skiptast gjarnan á tímabil þunglyndis (depression) og oflætis (mania, hypomania). Ferill sjúkdómsins er mjög einstaklingsbundinn, en sjúkdómstímabil aukast gjarnan að tíðni með árunum. Hvert sjúkdómstímabil varir að jafnaði í nokkra mánuði í senn, einkum ef það er ómeðhöndlað, en inn á milli koma oftast tímabil þar sem viðkomandi er einkennalaus. Í framangreindum sjúkragögnum og álitni viðkomandi geðlækna er getið fjölmargra einkenna sem eru í samræmi við umræddan geðsjúkdóm og verða þau einkenni ekki tíunduð hér. Ljóst er að veikindin geta á stundum haft í för með sér tímabundna skerðingu á dómgreind. Auk þess greinast í sumum tilvikum skert raunveruleikategsl, svo sem ranghugmyndir eða ofskynjanir, en slíkra einkenna er ekki getið í framangreindum sjúkragögnum, né heldur varð þeirra vart í geðrannsókninni.

Varðandi mat á sakhæfi Harðar, er það álit undirritaðs að hann hafi á árunum 1986-88, þegar umrædd atvik áttu sér stað, átt við að stríða geðhvarfasýki (manio-depressive psychosis) samfara áfengissýki. Það er enn fremur álit undirritaðs að veikindi þessi hafi að líkindum ekki verið á svo háu stigi að Hörður hafi ekki átt að vera fær um að gera sér grein fyrir hugsanlegum afleiðingum háskalegs atferlis síns í skilningi 15. greinar al-

mennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hins vegar tel ég að ákvæði 16. greinar sömu laga eigi við í þessu sambandi og sakhæfi Harðar Ólafssonar því skert á umræddu tímabili. Í ljósi framangreindra veikinda, aldurs og erfiðra aðstæðna, er það álit undirritaðs að refsing sé ekki líkleg til að bera árangur. Herði er nauðsynlegt að halda sig algerlega frá áfengisneyslu og að halda áfram meðferð vegna þess kvilla. Ennfremur er reglubundið eftirlit hjá geðlækni nauðsynlegt vegna framangreinds geðsjúkdóms.“

Ákærða var refsað fyrir ölvun við akstur og sviptur ökuréttindum í 6 mánuði árið 1956 og að nýju árið 1971, og var hann þá enn sviptur ökuréttindum í 6 mánuði. Loks var ákærði sektaður í september 1982 fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., þágildandi umferðarlaga og sviptur ökuréttindum í 12 mánuði.

Ákærði var 31. maí í vor dæmdur í 2 mánaða varðhald fyrir að aka bifreiðinni R-33252 sjö sinnum án ökuréttinda, og var bifreiðin gerð upptæk.

Að mati dómarans er ákærði fyllilega sakhæfur, og telur dómarrinn, að hann hafi einnig verið það, þegar hann framdi brotin. Er það einnig skoðun dómarans, að refsing geti borið árangur. Þykir refsingin, sem er hegningarauki við dóminn frá 31. maí sl., hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. umferðarlaganna ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.